

Kennari:
Jóna Helena Bjarnadóttir

Tímafjöldi:
1 kennslustund

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla í Vatnaveröld og sundlaug Stapaskóla

Bekkur:
2. bekkur

Sund

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra.

Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d. í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma.

Sund

Námsþættir:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none">- framkvæmi bringusund með eða án hjálpartækja- framkvæmi skólabaksundfótatök með eða án hjálpartækja- framkvæmi skriðsunds fótatök með arma teygða fram með eða án hjálpartækja- geti flotið á baki- geti spyrrt frá bakka og runnið með andlit í kafi 2,5m eða lengra- geti hoppað af bakka í grunna laug- taki þátt í æfingum og leikjum með ýmis áhöld- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem reyna á samspil skynfæra	Stöðvaþjálfun Sýnikennsla Leikir Umræður

Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> - upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni - fari eftir leikreglum og fylgi fyrirmælum - gangi frá dóti og tækjum eftir kennslu - kynnist og tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við - taki þátt í verkefnum sem krefjast félagslegra samskipta, s.s. að taka tilliti til annarra, aðstoða aðra og hvetja - öðlist öryggistilfinningu í vatni 	
Heilsa og efling þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> - geti hreyft sig frjálst í vatni - taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða, viðbragð og líkamsþol í vatni - geti skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við sundiðkun 	
Öryggis- og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"> - geti gengið frá fötum á æskilegan hátt - læri að þvo sér og þurrka. - fari eftir reglum sem snúa að umgengni og hegðun á sundstöðum - geti brugðist við fyrirmælum kennara 	
Námsmat:	<p>Getur flotið á baki</p> <p>Getur spyrrt frá bakka og rennt með andlit í kafi 2,5 m</p> <p>Getur hoppað af bakka í grunna laug</p> <p>Getur synt 10 m bringusund með og án hjálpartækja</p> <p>Getur synt 10 m skólabaksundsfótatök með og án hjálpartækja</p> <p>Getur synt 8 m skriðsundsfótatök með arma teygða fram bæði með og án hjálpartækja</p> <p>Áhugi, virkni og framkoma í kennslustundum metin</p>	

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága